



Sveitarstjórn Árborgar
b.t. Bragi Bjarnason
Austurvegi 2
800 Selfoss

Reykjavík 21. nóvember 2025

Efni: Lagnir á vegum stofnana Árborgar sveitarfélags í gegnum lóð Mjólkursamsölunnar ehf (MS) á Austurvegi 65 Selfossi.

Á vegum Mjólkursamsölunnar ehf. hafa um hríð verið áform um að stækka aðstöðu félagsins á Selfossi til að mæta aukinni þörf fyrir vinnslu- og athafnapláss fyrir starfsemin. Starfsemin hefur aukist umtalsverð sl. 2 áratugi, eða allt frá stofnun Mjólkursamsölunnar ehf. í núverandi mynd. Til marks um það má upplýsa að frá 1. janúar 2007 þegar Mjólkursamsalan tók til starfa á Selfossi fóru um 36 þús. tonn af mjólk til vinnslu á um afurðastöðina á ársgrunni. Í dag fara um um 75 þús. tonn til vinnslu á Selfossi. Aukningin hefur því legið á bilinu 100% - 108% á tímabilinu.

Nú er svo komið að undirbúningi að fyrstu byggingaáformum sbr. hér að framan, er nánast lokið. Fjárhagslegum undirbúningi framkvæmda er lokið og einnig er verið að vinna við lokafrágang á nauðsynlegum teikningum sem þurfa að liggja fyrir svo unnt verði senda inn samþykktar stofnana sveitarfélagsins. Í kjölfarið er þess vænst að útgáfa framkvæmda- og byggingaleyfis geti farið fram.

Auk þessa fyrsta áfanga sem hér er nefndur, þá stendur til að undirbúa enn frekari fjárfestingar á vegum Mjólkursamsölunnar á Selfossi. Þar um ræðir umtalsverðar byggingar á viðbótarhúsnæði fyrir félagið í framhaldi núverandi bygginga til norðurs á lóð Mjólkursamsölunnar við Austurveg 65. Þar eru um að ræða umtalsverðar fjárfestingar í aðstöðu og uppsetningu nýrra tækja fyrir starfsemi mjólkurbúsins.

Eins og fram hefur komið í fyrri samskiptum forsvaraðila MS og sveitarfélagsins Árborgar er nauðsynlegt að fundin verði ný lagnaleið í gegnum lóð MS á Austurvegi 65. Núverandi lagnaleið er farin að hafa verulega hamlandi áhrif á nýtingarmöguleika lóðarinnar fyrir framtíðarstarfsemi mjólkurbúsins. Vegna ýmissa uppákoma í starfseminni undafarnar vikur eru verulegar líkur á að við þurfum að m.a. að þvera Árvegin, og þar með lagnaleið bæjarins, með ýmsar grunnlagnir í starfsemi MS. Einnig er ljóst að nauðsynlegar byggingaframkvæmdir munu einnig þurfa að þvera Árvegin og þar með lagnaleiðina. Afstaða bæjarins til flutnings á stoðlögnum verður að liggja

fyrir svo fljótt sem unnt er svo Mjólkursamsalan geti tekið lokaákvörðun um framkvæmdir og fjárfestingar á lóð félagsins. Sem fyrr segir eru það umtalsverðar fjárfestingar og er það afar brýnt að fyrir liggi staðfestar forsendur um að félagið geti nýtt lóðina sem skyldi fyrir starfseminu.

Því viljum við fyrir, hönd Mjólkursamsölnunnar koma þeirri beiðni á framfæri að sveitafélagið og stofnanir þess sem málið snerta gangist í það að farið verði í flutning á umræddum lögnum og í samstafi við fulltrúa mjólkurbúsins verði fundi ný leið í gegnum lóðina við Austurveg 65. Jafnframt viljum við undirstrika, m.t.t. fyrri samskipta um málið, að við teljum það ótvírætt hlutverk veitufyrirtækja bæjarins að standa straum af kostnaði við flutninginn. Jafnframt viljum við leggja áherslu á að okkur berist svar við þessari beiðni fyrir eigi síðar en í þriðju viku árs 2026.

f.h. Mjólkursamsölnunnar ehf.

Pálmi Vilhjálmsson
Forstjóri MS



Ágúst Þór Jónsson
Rekstrarstjóri MS Selfossi

